Evrópski tungumáladagurinn

26. september, ár hvert, er **Evrópski tungumáladagurinn** haldinn hátíðlegur.
Þá fagnar fólk mikilvægi tungumála, fjöltyngi og menningarlegum fjölbreytileika

Hverjir eru Rómafólk?

Rómafólk, einnig þekkt sem Sígaunar eða Tatarar, er ekki bara persónur í skáldsögum, kvikmyndum og tölvuleikjum. Þetta er raunverulegt fólk sem býr um alla Evrópu, meðal annars á Íslandi.

Rómafólk rekur uppruna sinn til **Indlands**
og hér má sjá litla teiknimynd um sögu þeirra.
https://www.youtube.com/watch?v=Q6wSLfGBVGY

Tungumál Rómafólks

Mörg okkar tala tvö eða fleiri tungumál en Rómafólk hefur alltaf verið fjöltyngt. Tungumál þeirra kallast rómíska eða romaní og er eina indó-aríska tungumálið sem hefur verið talað samfellt í Evrópu síðan á miðöldum. Tungumálið hefur að geyma nokkrar mállýskur, tilbrigði sama tungumáls.

Rómíska

- Rómíska tungumálið er Rómafólki mikilvægt og í sumum löndum, eins og Rúmeníu til dæmis, geta Rómabörn fengið menntun á sínu tungumáli.
- Þegar Rómafólk heilsast eða kveður segir það **„Te aven saste thaj bahtale!“** sem þýðir „Verið þið blessuð og sæl!“
- 5. nóvember er haldið upp á Alþjóðlegan dag rómískunnar.

Rómafólk talar, skrifar og syngur á rómísku og á öllum hinum tungumálunum sem það kann. Hér er rómískt rapplag eftir vinsæla hljómsveit frá Tékklandi, þar sem sungið er á bæði rómísku og tékknesku.

https://www.youtube.com/watch?v=he06HwALx3M

Bókmenntir Rómafólks

Bókmenntir og skapandi skrif Rómafólks má rekja til 19. aldarinnar en verk þeirra eru lítið þekkt.

Rómafólk skrifar allar gerðir bókmennta:

- barnabækur
- ljóð
- þjóðsögur og smásögur
- nóvellur og skáldsögur
- leikhúsverk
- grafískar sögur og teiknimyndasögur.

Fyrsta bókin á íslensku, með sögum eftir sex höfunda frá mismunandi löndum, kemur út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaúgáfunni nú í haust.

Hún heitir **Sunnudagsmatur og fleiri sögur Rómafólks**



Í tilefni af Evrópska tungumáladagsins langar Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að deila með ykkur sögum úr bókinni

Sunnudagsmatur og fleiri sögur Rómafólks.

Bango (brot úr sögunni, Sofiya Zahova les á rómaní)

https://notendur.hi.is/~ems/etd/Roma%20Sofiya.mp3

Lana (Rebekka Þráinsdóttir les á íslensku)

https://notendur.hi.is/~ems/etd/Roma%20Rebekka.mp3